

GERT – Grunnmenntun eflid í raunvísindum og tækni

Eftirfarandi **núu fyrirtæki** bjóða nemendum þann **12.mars nk.** að koma í heimsókn og fá **kynningu á fyrirtækjum sínum.**

Kompás Þekkingarsamfélagið kemur í Garðaskóla með **sína kynningu.** Allir nemendur í 10.bekk **velja eitt fyrirtæki** til að skoða. Farið verður með rútum frá Garðaskóla í heimsóknirnar.

Í frímínútum **mánudaginn 2.mars kl. 9.05 – 9.25** verða námsráðgjafarnir Ásta og Jóhanna á **svæði 10.bekkinga** þar sem nemendur geta **skráð sig** í það fyrirtæki sem þeir vilja skoða. Athugið að **takmarkaður fjöldi** kemst í hvert fyrirtæki.

Íslensk erfðagreining

Með **rannsóknum á erfðaeftni** Íslendinga leitar Íslensk erfðagreining orsaka margra **alvarlegustu sjúkdóma sem hrjá mannkynið**, svo sem krabbameina, hjartasjúkdóma og sykursýki. Þegar **erfðavísar** finnast sem tengjast sjúkdómum opnast möguleikar til að **bæta líf og heilsu fólks.** **Rannsóknir** auka skilning á **eðli sjúkdóma** og starfsemi líkamans og hægt er að finna fólk sem er í aukinni hættu á að veikjast af tilteknum sjúkdómum ásamt því að **þróa ný og betri lyf.**

Kompás Þekkingarsamfélagið

Kompás kemur til okkar í Garðaskóla með sína fræðslu í formi **fyrirlestrar** og síðan taka nemendur þátt í **vinnuhópum** við að **búa til verkfæri** þar sem komið verður m.a. inn á:

- **Nýsköpun** – hvernig kem ég hugmynd til framkvæmdar
- **Skýjalausnir** – fólkið á bak við tjöldin
- Hvernig get ég byggt upp **starfsframa**, haft áhrif á **mína framtíð** og verið **leiðtogi lífs míns**
- Hvað er **vinnustaður**, **öryggismenning**, **samfélagsábyrgð**?
- Hvað er **líkt með** skólum og fyrirtækjum

KOMPÁS er **samstarfsvettvangur og verkfærakista fjölda fyrirtækja**, stofnana, **skóla**, stéttarféлага o.fl. um **miðlun á hagnýtri þekkingu** eins og **verkferlum, vinnulýsingum, eyðublöðum, skjölum og myndböndum** en í **verkfærakistu** KOMPÁS eru hátt í 3.000 skjöl og myndbönd.

Megin viðfangsefni KOMPÁS er **mannauðurinn** sem er okkar mestu **verðmæti** og **svo lengi lærir sem lifir.** Gerð er tenging milli **hugvits** og **verkvits**, hvað er **góður vinnustaður, fagleg stjórnun, ávinningur samstarfs** og að **miðla þekkingu.**

Matís

Matís er öflugt þekkingarfyrirtæki sem sinnir fjölbreyttu **rannsókn- þjónustu- og nýsköpunarstarfi í matvæla- og líftækni iðnaði**. Matís veitir ráðgjöf og þjónustu til fyrirtækja í **sjávarútvegi og landbúnaði**, sem og íslenska ríkinu. Sem dæmi kemur Matís að **þróun** á nýjum vörum og **ferlum** fyrir fyrirtæki og hefur mikilvægu hlutverki að gegna varðandi **gæði og öryggi matvæla**.

Sagafilm

Sagafilm er stærsta **sjálfstæða** framleiðslufyrirtæki landsins á sviði **sjónvarpsþáttagerðar, sjónvarpsauglýsinga, kvikmyndagerðar, viðburða og efnis fyrir nýmiðla**. Sagafilm hefur þróað og **framleitt þáttaraðir** sem hafa fengið frábærar viðtökur og gott áhorf, þar má nefna hina marg verðlaunuðu sjónvarpsþáttaröð Stelpurnar, Svínasúpuna, Rétt, Pressu, Svarta Engla, Ástríði, Vaktarseríurnar, Hlemmavideo, Martin og Heimsendi.

Samey

Samey er **sjálfvirknimiðstöð** sem sérhæfir sig í **róbótum og sjálfvirkni fyrir iðnað**, með áralanga reynslu í **hönnun og framleiðslu**. Verkefnið okkar eru af ýmsum toga, t.d. róbótar sem sækja kassa með afurðum og stafla á bretti. Þegar bretti eru full kemur **sjálfkeyrandi lyftari** og sækir brettið meðan **róbótinn** sækir tómt bretti og byrjar að stafla aftur. Með fullkomnum **hönnunarhugbúnaði**, reyndum **tækni- og verkfræðingum**, skjótri og áreiðanlegri afgreiðslu íhluta, getur Samey boðið lausnir sniðnar að **þörfum viðskiptavina**.

Samskip

Samskip bjóða upp á heildarþjónustu á Íslandi og í Færeyjum, fjölpátta **gámaflutningsþjónustu um alla Evrópu, flutningsmiðlun og frysti- og hitastýrða flutninga** um allan heim. Samskip eru kraftmikill og líflegur

vinnustaður. Hjá Samskipum á Íslandi starfa um 500 starfsmenn í **fjölbreyttum störfum** en alls starfa um **1700 manns** hjá Samskip um **allan heim**.

Stjörnu-Oddi ehf.

Stjörnu-Oddi er **hátæknifyrirtæki** sem sérhæfir sig í framleiðslu smárra en harðgerðra **mælitækja** til ýmiss konar **dýra- og umhverfissrannsókna**. Stjörnu-Oddi hf. var stofnað 1985 og er orðið eitt fremsta fyrirtæki í heimi á sviði **rafeindamerkja** sem notuð eru til **rannsókna á sjávardýrum**. Mælitækin eru **smáir síritar** sem safna saman gögnum um ýmsa **umhverfispætti**, s.s. dýpi, hitastig og seltu, auk þess að geta sýnt stefnu, halla og tekið á móti staðsetningu.

Terra (áður Gámaþjónustan ehf.)

Terra hefur frá upphafi verið leiðandi í **alhliða umhverfisþjónustu** og lagt áherslu á að uppfylla þarfir viðskiptavina. Terra rekur fullkominn **jarðgerðarbúnað** sem eykur möguleika sveitarfélaga, fyrirtækja og stofnana til **endurnýtingar á lífrænum efnunum**. Terra hefur metnað fyrir því **að skilja ekkert eftir** „Zero Waste“ og við viljum hvetja og auðvelda Íslendingum að takast á við þá áskorun. Við viljum að **flokkun sé einföld og sjálfsgöð** og hvetjum til **minni notkunar á umbúðum** og efnunum sem þarfnast sérstakrar meðhöndlunar. Við viljum hjálpa til við að **bæta umgengni okkar við jörðina** og bjóðum fyrirtækjum, sveitarfélögum og heimilum víðtæka **umhverfisþjónustu**.

Vélvík ehf

Vélvík var stofnuð árið 1988 og er eitt **best búna fyrirtæki landsins á sviði sérhæfðrar nákvæmnismíði**. Hjá Vélvík starfar **fagfólk** með áratuga reynslu á sínu sviði þar sem fara saman **kunnátta handverksmannsins og öflugur hátæknibúnaður**. Í Vélvík fer fram bæði **almenn rennismíði, sérsmíði og vöruhönnun** og vélsníði bæði með **tölvustýrðum** og hefðbundnum smíðavélum.

